

### Stjórnarfundur 3. Desember 2013

Mættir: Kristín, Aðalsteinn, Sigurður, Bjarni Johansen, Pálmi Blængs og Sólrún Halla.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp:

Nokkur atriði voru betrum bætt og síðan var skrifað undir.

2. Verkefni í gangi:

- Heimasíða – Pálmi sagði frá:  
Forritun hafin á síðunni, vonandi verður hún klár fyrir helgi en enn er verið að undirbúa undirsíður fyrir aðildarfélög.
- Umhirða Skallagrímsvallar – Pálmi sagði frá:
  - Það vantar upp á umhirðu og alúð við völlinn.
  - Pálmi og Sigurður eru búnir að tala við knattspyrnudeild Skallagríms.
  - Pálmi hitti knattspyrnudeildina, Pál sveitarstjóra, Bjarka sveitarstjórnarmann og golfarana.
  - Ákveðin atriði sem hver á að sjá um í núverandi samningi, en ekki mikið verið að fara eftir þeim verklýsingum.
  - Verið er að ræða tvær leiðir, annars vegar að semja eingöngu við Golfklúbb Borgarness eða semja sameiginlega við Knattspyrnudeild Skallagríms og Golfklúbb Borgarness þar sem vallarstjórnun Skallagrímsvallar færi undir Harald vallarstjóra Golfklúbbsins.
  - Þriðja leiðin er að nýta gömlu samningana en passa að farið verði eftir þeim. Það hefur enginn verið að uppfylla verklýsingu núverandi samnings, þrátt fyrir að það sé mjög skýrt tekið fram hvað hver á að gera. Forstöðumaður íþróttamannvirkja á að fylgjast með að samningi sé fyllt eftir.
  - Í sumar var ekki vallarstjóri og enginn starfsmaður frá Borgarbyggð.
  - Pálmi mælir með leið B sem er að Golfklúbbur Borgarness sjái alfarið um umhirðu á Skallagrímsvelli og byggi þannig upp völlinn fyrir Landsmót 2016.
  - Það virðist ekki vera neinn hagur fyrir Knattspyrnudeildina að taka þetta að sér.
  - Borgarbyggð finnst kostur að hafa þetta á einum stað, bein leið að tala við þá aðila sem eiga að sjá um völlinn.
  - Pálmi sagði frá því að Golfklúbburinn hafi verið í umræðum við Borgarbyggð þrátt fyrir að hafa verið að ræða við Pálma með Páli og Bjarka.
  - Aðalsteinn leggur til að gerð verði hörð ályktun um vinnubrögð Borgarbyggðar sem sé á skjön við samning UMSB og Borgarbyggðar.
  - Ályktun var samin og formanni og framkvæmdastjóra falið að koma henni til skila til Páls sveitarstjóra og Bjarka Þorsteinssonar og Ragnars Frank sveitarstjórnarmanna.
  - Það yrði ekki gott að segja upp núverandi samningum því þá breytast upphæðirnar í samningunum. Frekar að halda áfram samningavinnu við Golfklúbb Borgarness og sjá hvert það leiðir.
  - Borgarbyggð þarf að setja meiri pening í völlinn til þess að byggja hann vel upp.
  - Það vantar viðaukasamning 2 í samstarfssamninginn við Borgarbyggð sem fjallar um verklýsingu á vinnu Skallagrímsvallar.
  - Golfklúbbur Borgarness hefur að mestu fyllt sínum samningi eftir.

- Lagt til að farin verði leið B og að við verðum samningsaðili. Forstöðumaður íþróttamannvirkja muni þá koma til stjórnar UMSB ef eitthvað er að.
- Íþróttaskólanefnd – Pálmi segir frá:
  - Fundur var í liðinni viku og verður aftur miðvikudaginn 4. Desember.
  - Mikil samstaða í hópnum að ná góðri lendingu á íþróttaskóla/tómstundaskóla
  - Hugmyndin er að þetta yrði alhliða tómstundaskóli
  - Mikil umræða um eignarhald, hver á að sjá um þetta? Sveitarfélagið, grunnskólarnir, UMSB eða einhverjir aðrir.
  - Það þyrfti að fá starfsmann til að hafa yfirumsjón með þessu.
  - Ásthildur fræðslustjóri tók mjög jákvætt í það sem komið var.
  - Stjórnin fagnaði vinnu nefndarinnar.
  - Stefnt á að koma plaggi til sveitarstjórnar fyrir 12. Desember, fyrir umræðu tvö í fjárhagsáætlunargerð.
- Fyrirmyndarfélag/íþróttahérað – Pálmi segir frá:
  - Gátlisti var lagður fram og stjórnarmeðlimir munu senda Pálma athugasemdir ef einhverjar eru.

### 3. Mæting á stjórnarfundi – boðun varamanna:

- Sá sem er aðalmaður þarf að bóka sinn varamann ef aðalmaður forfallast.
- Aðalmaður þarf að passa að varamaður hans fylgist með en varamenn eru alltaf velkomnir á fundi.
- Varamenn eru skráðir inn á heimasíðu UMSB.

### 4. ÍSí fundur 29. Nóvember – fréttir:

- Pálmi sagði frá fundi hjá nefnd á vegum ÍSí sem vinnur að því að skilgreina hlutverk íþróttahéraða.
- Hann fór á fund sem endaði í vinnuhópum.
- Hver einstaklingur átti að koma með fjórar hugmyndir af því að styrkja íþróttahéruð, síðan var farið í hópavinnu.
- Hugmynd var að skipta íþróttahéruðum í svipaða hópa og í sambandi sveitarfélaga.
- Nefndarmenn munu hittast reglulega og fara yfir mál íþróttahéraða.
- Eitt þing einu sinni á ári um málefni íþróttahéraða, þing sem yrði ótengt UMFÍ og ÍSí.

### 5. Forgangsröðun uppbyggingar:

- Uppbygging telst ekki vera boltar og annað því um líkt. Það tilheyrir rekstri og almennu viðhaldi íþróttamannvirkja.
- Umræða um hverjum við erum að þjóna, íbúum sveitarfélagsins eða sveitarfélaginu?
- Við töldum að við værum fyrst og fremst að sinna umboðsaðilum okkar, aðildarfélögum.
- Við leggjum fram okkar tillögu á formannafundi í janúar og sendum síðan til sveitafélagsins.
- Sigurður lagði til að við hefðum vinnufund eftir næstu viku til að klára greinargerðina fyrir formannafundinn. Fundur verður haldinn þriðjudaginn 17. Desember.
- Hvaða línur eigum við að draga og hver er forgangsröðunin?

6. Fjármögnun þjónustumiðstöðvar – Hvalfjarðarsveit og Skorradalshreppur:

- Lítið að gerast í þessum málum.
- Sveitafélagið Hvalfjarðarsveit horfir mikið á Akranes, eru með tómskunda-ávísanir o.fl. sem hægt er að nýta á Akranesi.
- Sigurður og Pálmi vilja fá Þórdísi, formann ungmenna- og íþróttafélags Hvalfjarðarsveitar, á fund og leggja línurnar og fara síðan saman á sveitarstjórnarfund.
- Það þarf að hitta hreppsnefnd Skorradals líka og ræða málin við þau.
- Pálmi og Sigurður ætla að skoða þessi mál betur.

7. Önnur mál:

- Laganefnd hefur ekki hist neitt síðan síðast.
- Pálmi sýndi bréf frá UMFÍ um samþykktar tillögur af 48. Sambandsþingi UMFÍ sem haldið var á Hótel Stykkishólmi 12. – 13. Október 2013.

8. Næstu stjórnarfundir:

- Vinnufundur þriðjudaginn 17. Desember
- Stjórnarfundur þriðjudaginn 7. Janúar 2014

Fundi slitið kl. 23:00  
Sólrún Halla fundarritari